

Eignir þær, sem félagið kynni að eiga, skulu afhentar sýslunefnd Árnassýslu til 110
vörzlu, unz fiskræktar- eða veiðifélag er stofnað aftur á sama svæði. 12. júní

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932 til þess
að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að
máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. júní 1940.

Hermann Jónasson.

Gunnl. E. Briem.

S A M Þ Y K K T

111

20. júní

**um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða í Keflavíkurhreppi,
nr. 27 25. júní 1935.**

1. gr.

1. málsgr. 2. gr. orðist þannig:

Alla virka daga árs skal verzlunum og brauðabúðum lokað eigi síðar en klukkan
6 síðdegis, og þær eigi opnaðar aftur fyrr en klukkan 8 árdegis næsta virkan dag.
Þó skulu vera þær undantekningar, er nú skal greina:

2. gr.

Á eftir 3. málsgr. 1. gr. komi ný málsgr. svo hljóðandi:

Tímabilið 20. maí til 20. september skal öllum verzlunum og brauðabúðum lokað
á laugardögum kl. 4 e. h. Á sama tímabili, 20. maí til 20. september, skal hafa opið til
kl. 8 e. h. á föstudögum.

3. gr.

Aftan við 3. gr. komi ný málsgr. svo hljóðandi:

1. maí, 17. júní, 1. desember skal loka kl. 12 á hádegi. Sumardaginn fyrsta skal
vera lokað allan daginn. Þó skulu brauðabúðir vera opnar þessa daga á sama tíma
og um getur í 4. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936 til
að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 20. júní 1940.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Gunnl. E. Briem.